

Hverfisfundur í Síðuskóla



Akureyrarbær



Fundurinn



Akureyrarbær

Fundurinn var haldinn í Síðuskóla 23. maí 2024 kl. 17:00. Dagskráin var einföld og tók um klukkustund. Boðið var uppá léttar kaffiveitingar og um 30 manns mættu á fundinn. Þar af voru um 15 starfsmenn, kjörnir fulltrúar og sviðsstjórar.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri bauð fólk velkomið og fór yfir tilgang og fyrirkomulag fundarins. Áhersla fundarins var að virkja íbúa til samtals um nærumhverfið í litlum hópum á borðum og til umræðu voru tvær spurningar.

1. Hvað er gott við hverfið þitt?

2. Hvað má bæta í hverfinu?

Hver spurning var rædd á borðunum í ca. 10 – 15 mínútur. Á borðunum voru blöð, pennar og vefslóð/QR kóði inn á Slido könnunarforrit. Hlutverk bæjarfulltrúa á hverju borði var að hlusta, taka þátt í samtali og punkta niður helstu atriði sem rædd voru.

Fundargestir gátu notað farsímana sína til að koma sínum áherslum á framfæri sem að birtust í orðaskýi uppi á skjá með forritinu Slido. Í lokinn var farið hring á borðunum, helstu niðurstöður kynntar og opin umræða í salnum. Ásthildur bæjarstjóri þakkaði fólki fyrir komuna og sleit fundinum.



Akureyrarbær

Hvað er gott við hverfið þitt?

Það sem fólk nefndi einna helst sem kosti við hverfið var góður grunnskóli, frábær skólalóð við Síðuskóla og góðir göngustígar. Hverfið er friðsælt, barnvænt og stutt í óspillta náttúru.

Á fundinum var mikil ánægja með uppbyggingu verslana og þjónustu í hverfinu. Mikill kostur að hafa matvöruverslun í hverfinu með góðum bílastæðum. Íbúar eru ánægðir með Gleráarkirkju, hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð og líkamsræktarstöðina Bjarg.



Akureyrarbær

Hvað er gott – punktar frá borði 1

- Góður grunnskóli og frábær skólalóð
- Jákvæð uppbygging t.d Norðurtorg
- Lögmannshlíð hjúkrunarheimilið. Vel heppnað. Blöndun sem hefur góð áhrif og tenging við grunnskólann.
- Líkamsræktarstöð + Sjálfsbjörg
- Búið að draga úr hraða
- Búið að bæta úr í stígum
- Stutt í óspillta náttúru
- Stutt í stofnbrautir
- Búið að setja upp hraðahindranir til að bæta öryggi barna
- Skólakrakkavænt hverfi. Lítið um gegnum akstur
- Kirkja
- Erum í friði og allir sinna sínu



Akureyrarþéttvangur

Hvað er gott – punktar frá borði 2

- Göngustígakerfið
- Nýja leiksvæðið við Síðuskóla
- Tveir leikskólar. Góð þjónusta
- Að hafa matvörubúð í hverfinu
- Kostur að hafa matvörubúð út úr hverfinu með góðum bílastæðum
- Kirkja – mikið barnastarf
- Hjúkrunarheimili
- Líkamsræktarstöð
- Ekki mikið um háhýsi
- Nálægð við náttúru



Akureyrarbær

Hvað er gott – punktar frá borði 3

- Göngufæri. Stuttar vegalengdir
- Strætó samgöngur góðar
- Frítt í strætó
- Mokað snemma á morgnana
- Stígahverfið er gott
- Gott umferðaröryggi og róleg umferð
- Snjómokstur á götum og stígum
- Barnvænt hverfi
- Skólalóðin við Síðuskóla
- Lítil mengun



Akureyrarbær

Hvað er gott – punktar frá borði 4

- Skólalóðin, nýr miðbær Síðuhverfis
- Uppbygging verslunar og þjónustu t.d Norðurtorg, Sunnuhlíð, heilsugæslan, matvara, apótek og fleira
- Gott leikskóla- og grunnskólaumhverfi og barnvænt hverfi
- Hrós á snjómokstur

Hvað er gott við hverfið þitt?



Akureyrarbær





Akureyrarbær

Hvað má bæta í hverfinu?

Mikil umræða var um öryggi gangandi vegfarenda og þá einkum yfir Austursíðu. En þar hefur umferð ökutækja aukist umtalsvert síðustu misseri. Íbúar voru sammála um að þarna vanti gangbraut og gönguljós til að koma í veg fyrir slys.

Rætt var um að tímabært væri að fara í framkvæmdir á leikskólanum Krógaból sem hefur verið í bráðabirgðarhúsnæði í um 30 ár. Talsverð eyðilegging á leiktækjum hefur átt sér stað víða á leikvöllum í hverfinu sem íbúar vilja gjarnan reyna taka á með einhverjum hætti.

Fundargestir voru einnig sammála um að kaffihús eða veitingastað vanti í hverfið.



Akureyrarbær

Hvað má bæta – punktar frá borði 1

- Krógaból. Leikskóli í bráðabirgðarhúsnæði í 30 ár
- Síðusel. Orðinn gamall
- Bæjaryfirvöld mega ekki þetta of mikið nýbyggingar. T.d í Móasíðu. Lítið tekið á ábendingum í grenndarkynningu. Bílastæði í ósamræmi við aðalskipulag
- Bætt vinnubrögð í sambandi við athugasemdir varðandi t.d skipulagsmál
- Þegar er byggt á snjólosunarsvæðum þarf að fylgja fjármagn til að fara annað með snjóinn
- Íbúar hafa jarðvegsskipti og henda í ný bílastæði (eyrin)
- Ekkert kaffihús eða bar
- Hávaði frá ökutækjum



Akureyrarbær

Hvað má bæta – punktar frá borði 2

- Umferð um Austursíðu – umferðaröryggi
- Gangbraut við Austursíðu amk tvær
- Mikil eyðilegging í hverfinu á leikvöllum



Akureyrarbær

Hvað má bæta – punktar frá borði 3

- Græn skipulögð svæði sem einhver hugsar um
- Umferðarhraði í Austursíðu
- Umgengni í iðnaðarhverfi
- Búið að fella of mikið af trjám við iðnaðarsvæði
- Vantar gangbrautir við Austursíðu
- Vantar gangbrautir og hraðahindranir við Skarðshlíð
- Slakari snjómokstur í Borgarbraut. Mætti bæta mokstur og hreinsun þar
- Vantar setubekki, fjær Lindarsíðunni
- Fjölga ruslatunnum
- Vantar opið svæði sem hægt væri að setjast niður í skjóli
- Vantar kaffihús
- Vantar ungbarnavæna leikvelli



Akureyrarbær

Hvað má bæta – punktar frá borði 4

- Umferð frá og að Norðurtorgi. Ná niður hraða, setja upp þrengingar eða hraðahindranir, gangbrautir, viljum ekki bíða eftir slysi og því mætti setja upp skammtímalausn sem fyrst. Fá hringtorg við Austursíðu/Hlíðarbraut.
- Mikið svifryk vegna sands sem notaður er sem hálkuvörn
- Móahverfi - passa uppá aðgengi að Síðhverfi
- Gangbraut yfir Hlíðarbraut. Gönguljós við gangbrautir

Hvað má bæta í hverfinu?



Akureyrarbær





Akureyrarbær

Úrvinnsla og niðurstöður

- Minniháttar ábendingum sem snúa að daglegri starfsemi einstakra sviða hefur nú verið komið á framfæri við viðeigandi starfsfólks og stjórnendur í gegnum ábendingakerfið. Dæmi: bæta við bekkjum, fjölga ruslatunnum og fl.
- Stærri og kostnaðarsamari ábendingum verður komið til fagraða og viðeigandi nefnda bæjarins til umræðu.